

***BORGARRÁÐ 16. maí 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins og borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mötuneytismál í Dalskóla - R19050138***

Lagt er til að fundin verði viðunandi lausn fyrir skólabyrjun í haust hvað varðar mötuneytismál Dalskóla þar sem mötuneyti skólans verður ekki tilbúið fyrir en 2020 þar sem gleymst hafði að gera ráð fyrir því við hönnun skólans. Það stefnir í að Dalskóli muni ekki geta uppfyllt þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til skóla um sbr. einkum 1. mgr. 23. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 þar sem segir að í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber mannelismarkmið. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir samkvæmt sérstakri gjaldskrá samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Vísað er í erindi sem birt var Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, hinn 16. maí.